



39. fundur stjórnar LH 2024-2026
19. ágúst 2026 kl. 19:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Sóley Margeirsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Ólafur Þórisson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson.

Mætt úr varastjórn: Ragnhildur Gísladóttir, Sigurbjörn Eiríksson, Hilmar Guðmannsson, Jón Þorberg Steindórsson.

Forföll boðaði: Reynir Atli Jónsson

Fjarverandi:

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

1. Samþykkt fundargerðar 38. fundar
2. Verkefni síðustu vikna frá framkvæmdastjóra og formanni
 - a. Niðurröðun dómara á mót síðsumars hefur gengið erfiðlega, mjög brýnt að gera gangskör í að fjölga dómurum, vantar meiri breidd af virkum dómurum.
 - b. FEIF Youth Cup var haldið um miðjan júlí í Rieden í Þýskalandi. Frá Íslandi fóru 7 þátttakendur ásamt formanni æskulýðsnefndar sem var fararstjóri. Brottför var daginn eftir að Landsmóti lauk, þar sem sumir af þátttakendunum voru að keppa, taka þyrfti samtál við FEIF um að hafa samráð um hvaða dagsetning er valin fyrir mótið.
 - c. Mikil samskipti hafa verið í hópi formanna Norðurlanda (NIHC í sumar, og er samstarfið í hópnum gott. Ýmislegt er varðar mótahaldið og Norðurlandamót var rætt í þeim hópi í sumar. Á dagskrá haustfundar NIHC verður meðal annars endurskoðun á reglum um Norðurlandamót.
3. Landsmót 2026 og úthlutun Landsmóts 2032

Landsmót 2026 tókst vel, fjöldi gesta er áætlaður um 6-7000 manns. Ýmislegt kom upp í aðdraganda mótsins í tengslum við úrtökur ofl. sem lenti á borði formanns og skrifstofu og keppnisnefnd þurfti í sumum tilvikum að taka afstöðu til. Einnig voru skiptar skoðanir um aðstöðu keppenda á svæðinu, ástand keppnisvalla og aðstöðu gesta á tjaldsvæði.

Úthlutun landsmóta 2032 gog 2034 er framundan og tímabært að rýna vandlega hvernig tókst til með síðustu mót.

Afgreiðsla: Stjórn sammála um að skipa rýnihóp um framtíðarsýn Landsmóta. Samþykkt að boða til fundar í LM ehf. og koma málinu í farveg.
4. Mótasumarið 2026

Gerð var tilraun með að halda Íslandsmót fyrir Landsmót, umræða varð um hvernig tókst til með það. Mótið var mjög vel heppnað, aðstaða öll til fyrirmyndar, keppnin var sterk og mjög góðar sýningar í öllum greinum. Mótadagskráin var þétt í júní og mikið álag á knapa í keppni og kynbótasýningum. Lítið var um keppendur frá Norðurlandi á Íslandsmóti og fáir áhorfendur á staðnum. Hvernig er hægt að gera mótin áhorfendavænni almennt?

Afgreiðsla: BK falið að hafa samband við Sörla og fá skýrslu um Íslandsmótið.



5. Norðurlandamót 2026 – samantekt frá formanni landsliðsnefndar

Ísland sendi stærra lið á Norðurlandamót en verið hefur á síðustu Norðurlandamótum og er það í takt við ákvörðun landsliðsnefndar um að setja meiri metnað í þátttöku Íslands á mótinu.

Alls fóru 21 knapi á mótið fyrir Íslands hönd. Í fullorðinsflokki kepptu 7 knapar, í ungmenna- og unglingaflokki kepptu 14 knapar.

Farið var með 8 hesta frá Íslandi og árangur knapa sem fóru með hesta frá Íslandi var mjög góður, þeir fóru allir í a-úrslit. Stefna þarf að því á næstu mótum að fara með sem flesta hesta frá Íslandi.

Liðið vann í heildina 4 gull, 8 silfur og 9 brons.

Mótið gekk vel og mikil samstaða í hópnum. Þjálfarateymið vann mjög vel saman, en það samanstóð af landsliðsþjálfurum, afreksstjóra og formanni landsliðsnefndar.

50-60 manna hópur Íslendinga á staðnum, teymi, knapar, groomar og aðstendendur.

6. Skýrsla um hagstærð hestamennskunnar

Fulltrúar frá Bændasamtökunum, Háskólanum á Hólum og LH eru að taka saman þær upplýsingar sem liggja fyrir og hægt er að nálgast. Stefnt á fund með KPMG eftir 2 vikur.

7. Undirbúningur fyrir Landsþing 2026

Undirbúningur fyrir landþing er að hefjast. Frestur til að senda inn breytingartillögur við keppnisreglur er 1. september. Frestur sitjandi stjórnar til að tilkynna framboð er 2. október.

8. Vinnuhópur FEIF um Gæðingakeppni

Verið er að skipa vinnuhóp á vegum FEIF sem hefur það hlutverk að innleiða gæðingkeppnisreglur í regluverk FEIF. Efitirfarandi taka sæti í hópnum: fyrir Ísland Ólafur Árnason, fyrir Noreg Torgeir Strøm, fyrir Svíþjóð Lena Andersen, fyrir Danmörku Lisa L.C. Júlíuss, fyrir Þýskaland Alexander Federov, frá FEIF Will Covert. Að auki verður einn fulltrúi í viðbót frá Íslandi.

9. Aukafundur FEIF um hækkun aðildargjalda

Í september verður haldinn formannafundur FEIF til að greiða atkvæði um tillögu um hækkun gjalda aðildarlanda til FEIF. Tillagan verður svo lögð fyrir FEIF-þing í janúar til samþykktar.

10. NIHC ársfundur 2-3 október

Formannaráð Norðurlanda mun hittast í Reykjavík í október. Meðal annars verður rætt um Norðurlandamótsreglur ásamt undirbúningi fyrir FEIF þing.

11. Reiðvegir Íslands – rit frá Halldóri Halldórssyni

Halldór Halldórsson fyrrverandi formaður reiðveganefndar LH hafur tekið saman merkilegt rit um sögu reiðvega á Íslandi.

Afgreiðsla: Samþykkt að fá heimild Halldórs til að birta ritið á vefsíðu LH og kynnt vel.



12. Samskipti Hringdu og LH

Forsvarsmenn Hringdu hafa óskað eftir sambærilegum aðgangi að gögnum Sportfengs og Horseday hefur skv. samningi þar um. LH hefur skuldbundið sig til að vinna ekki með öðrum aðilum en Horseday að þróun mótaforrits skv. samningi.

Hringdu hefur verið boðið að koma á fund tölvunefndar og kynna hvaða hugmyndir fyrirtækið hefur um úrvinnslu gagna í Sportfeng.

13. Samþykkt milli funda, til bókunar

- a. Athugasemd við deiliskipulag fyrir lóðina Langavatnsvegur 3 á Hólmsheiði, bréf til Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur.
- b. Krafa um undirgöng fyrir hestamenn undir Hringveg (1) austan Selfoss, bréf til Vegagerðarinnar
- c. Stuðningur LH við Landssambandsins í Færeyjum vegna reiðhjólaleiða í færeyjum.
- d. Yfirlýsing hestamanna um samgönguáætlun 2026-2040 – mótmæli við óbreyttu reiðvegaframlagi

14. Önnur mál

- a. Auglýst verður eftir yfirþjálfara Hæfileikamótunar á næstu dögum en núverandi þjálfari tók við U21 liðinu um áramót.
- b. Næsti fundur 11. september, staðfundur í Laugardalnum.

Fundi slitið kl. 20:33